

20. nóvember 2014

Til velferðarnefndar

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá þetta frumvarp til umsagnar. Frestur til að skila inn umsögn er liðinn en embættið vill koma eftirfarandi á framfæri:

Ljóst er að þetta frumvarp varðar þjónustu sem er afar mikilvæg í okkar velferðarsamfélagi og því mikilvægt að vel sé staðið að nýjum lögum um sameiningu þessara þriggja stofnana. Embættið telur að það þurfi að greina hlutverk stofnananna betur og skilgreina ávinning af sameiningu og þá einkum m.t.t. þeirra sem munu leita til nýrrar þjónustumiðstöðvar. Embættið getur því ekki mælt með frumvarpinu í þessari mynd.

Kveðja, Anna Björg Aradóttir